

Stjórnarfundur í FUM 17. apríl.

Mættir voru Amalía Björnsdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Gerður Óskarsdóttir, Ragnar Ólafsson og Sigurjón Mýrdal. Forföll boðuðu Meyvant Þórólfsson og Sigurlína Davíðsdóttir.

1. Stjórn skipti með sér verkum. Gerður Óskarsdóttir verður ritari, Eyrún Magnúsdóttir gjaldkeri og Meyvant Þórólfsson sér um heimasíðu.
2. Rætt var um mikilvægi þess að auka útbreiðslu tímarits FUM. Selja mætti áskrift að tímaritinu á 2500 kr. og var ritstjóra þess falið að senda tölvupósta til að reyna að auka útbreiðslu þess.
3. Rætt var um hugmyndir að tímarit FUM yrði skráð í ENSCO gagnagrunninn. Ritstjóra var falið að vinna frekar að því máli.
4. Ákveðið var að stefna á að halda ráðstefnu FUM vorið 2007, líklega væri febrúar besti tíminn.
5. Gerður Óskarsdóttir reifaði þá hugmynd að félagið hefði forgöngu um að endurvekja starf orðanefndar í uppeldis- og menntunarfræðum. Formanni var falið skrifa bréf til málstöðvar og kanna stöðu þessa verkefnis.

Amalía Björnsdóttir ritaði fundargerð.